

 SKÁTARNIR WWW.SKATARNIR.IS							
ALDUR:	frá 3 ára	5-6 ára	7-9 ára	10-12 ára	13-15 ára	16-18 ára	19-25 ára
STARFA Í:	Fjölskylduskátasveit	Skátasveit eða hópur í fjölskylduskátasveit	Skátasveit og verkefnatengdir hópar	Flokkur - sveit - sveitarráði	Flokkur - sveit - sveitarráði	Flokki - sveit - þverfélagsleg sveit - vinasveitir	Þverfélagsleg sveit - skátavinasveitir - björgunarsveit - verkefnahópar - alþjóðlegt samstarf
SLAGORÐ:	Ævintýri - Náttúra- Saman	Forvitni - Uppgötvun - Gleði	Glaðværð - Orka - Hjálpssemi	Kjarkur - Hugmyndaflug - Samvinna	Sjálfstæði - Færni - Valdefling	Frelsi - Seigla - Útsjónarsemi	Eldmóður - Hugsjón - Ástríða
VÍGSLUGRUNNUR:	Þekkja kjörorð skáta og tileinka sér fyrstu grein skátalaganna	Vinna skátaheitið og þekkja kjörorð skáta og tileinka sér fyrstu tvær greinar skátalaganna	Vinna skátaheitið, þekkja kjörorð skáta og tileinka sér fyrstu fjórar greinar skátalaganna.	Vinna skátaheitið, þekkja kjörorð skáta og tileinka sér fyrstu sjö greinar skátalaganna	Vinna skátaheitið, þekkja kjörorð skáta og tileinka sér allar tíu greinar skátalaganna	Vígslugrunnur rekkaskáta er að vinna skátaheitið, þekkja kjörorð skáta og tileinka sér allar tíu greinar skátalaganna	Vígslugrunnur róverskáta er að vinna skátaheitið, þekkja kjörorð skáta og tileinka sér allar tíu greinar skátalaganna
VIÐFANGSEFNI:	Leysa verkefni og njóta útivistar með fjölskyldunni. Kynnast útiöldun, læra leiki og söngva. Reyna á skynfærin á öruggan hátt	Leysa verkefni og njóta útivistar með foreldrum á hliðarlínunni. Upplifa náttúruna á eigin skinni. Læra að hjálpa öðrum	Taka þátt í leikjum og störfum skátasveitar. Fara í lengri ferðir og taka fyrstu skrefin í að bjarga sér í náttúrunni. Átta sig á eigin þörfum og bregðast við merkjum eins og svengd og kulda	Standa á eigin fótum og hafa mikil áhrif á verkefnaval. Læra að vinna í hóp og bera ábyrgð. Aukin vitund um eigin líkama og getu og að taka tillit til jafningja sinna. Læra að búa sig fyrir útivist, skyndihjálp og skapa ævintýri úti í náttúrunni	Aukið sjálfstraust til að hafa áhrif á verkefnaval flokksins út frá eigin áhugasviði. Átta sig á eigin mörkum og mörkum annarra. Sjá sig í samhengi við samfélagið, sögu lands og þjóðar og aðstæður minnihlutahópa sem búa í nærsamfélaginu	Að setja sér langtímamarkmið og vinna að þeim markvisst. Taka fyrstu skrefin í viðburðastjórnun. Finna sína rödd í skátahreyfingunni og í samfélaginu og leitast leiða til að leggja sitt af mörkum	Finna rödd sína sem leiðtogar Öðlast færni í beitingu lýðræðislegra leiða til úrbóta. Átta sig á áhugasviði sínu og hvar þau vilja hafa áhrif. Læra að þekkja styrkleika sína og veikleika, þekkja sín mörk í hópavinnu sem og styrk sinn sem leiðtogar
VÖXTUR Í ALDURSBILINU:	Fá hvatningu foreldra til að taka frumkvæði í lausnarleit og náttúruupplifun	Stýra ferðinni þó foreldrar séu með. Geta haft frumkvæði í leikjum. Tilbúin að sleppa tökunum og standa á eigin fótum	Hefur tekið fyrstu skrefin í hópi jafningja. Stendur með sjálfu sér. Þekkir sveitina sína og tekur tillit til hópsins	Hefur tekið ábyrgð á eigin verkefnum og eigin búnaði, og fengið tækifæri til að leiða flokkinn.Hefur fundið sjálfstraust í útivist og getur sagt frá upplifun sinni. Hefur rödd í dagskrárvali flokksins	Líkamsábyrgð, standa með sjálfum sér, taka ábyrgð á sínu skátastarfi, sjálfstæði í vinnubrögðum, hafa skoðun á persónulegum útbúnaði	Sérþekking, verkefna og viðburðastjórnun, sjálfstæði í vinnubrögðum og útbúnaði, geta skipulagt skátastarf fyrir aðra	Beita þekkingu sinni og reynslu í að hafa áhrif á skátastarf og samfélag, innan lands sem utan. Hafa frumkvæði að úrbætum, viðburðum, fræðslu og dagskrárþattum
HVATAKERFI:	Þátttökumerki	Þátttökumerki	Færnimerki - Hæfnimerki - Könnuðamerki - Stikumerki	Færnimerki - Hæfnimerki - Könnuðamerki - Stikumerki	Færnimerki - Hæfnimerki - Könnuðamerki - Stikumerki	Áskoranir - Forsetamerki - Stikumerki	Áskoranir - Stikumerki - Sjálfboðaliðaverðlaun BÍS - Skátaárið
DAGSKRÁREFNI:	Fjölskylduskáta rammi	Hrefnubókin	Byggjum betri heim - Þankadagurinn	Byggjum betri heim - Þankadagurinn	Byggjum betri heim - Þankadagurinn - Free Being me	Free Being Me - Rauði krossinn	Scout of the World Award - The Duke of Edinburgh's International Award
YTRI UMGJÖRÐ:	Fjólublár - regnboga klútur	Ljós fjólublár - regnboga klútur	Gulur klútur	Rauður klútur	Grænn klútur	Blár klútur	Appelsínugulur klútur
TÁKNRÆN UMGJÖRÐ:	Alda - Regnbogi	Hvalur - Hafið	Dreki - Eldur	Fálki - Loft	Griðungur - Jörð	Rísi - Fjöll og jöklar	Galdrameistari - Ísland
FÓLK - FULLORÐNIR:	Foringi --> staður og stund, verkefni og utanumhald Foreldri --> er til staðar, sinnir verkefnum, sinnir sínum barni eftir þörfum, foreldrabæklingur	Foringi --> staður og stund, verkefni og utanumhald Foreldri --> er til staðar, sinnir verkefnum, sinnir sínum barni eftir þörfum, foreldrabæklingur	Sveitarforingi 18+ x2 Aðstoðarforingi 15-18 Foreldrar aðstoða við viðburði og ferðir. Liðveisla/stuðningur	Jafningja flokksforingi. Sveitarforingi 18+ x2 Aðstoðarforingi 16-18. Foreldrar aðstoða við viðburði	Jafningja flokksforingi. Sveitarforingi 20+ x2 Ef þarf aðstoð þá er verkefnum úthlutað innan sveitar	Sveitarforingjar sleppa tökum smám saman. Foringi 25+ Virkur foringi (mikilvægt foringjanet)	Sveitarforingi innan sveitar + Tengiliður við stjórn
TÍÐNI FUNDA:	Mánaðarlega eða oftár	Mánaðarlega eða oftár	Vikulegt	Vikulegt	Vikulegt	Vikulegt	Amk mánaðarlegt
FERÐIR Á HVERJU STARFSÁRI:	Eftir áhuga og getu	Boð í heimsókn í félagsútilegur, fjölskyldubúðir osfv. Stendur til boða amk 2 gistinætur	Amk 2x dagsferðir. Útilegur í skála og tjaldi. Hafa kost á amk 5 gistinóttum á starfsári	Amk 2x dagsferðir. Útilegur í skála, tjaldi og skýli. Hafa kost á amk 10 gistinóttumá starfsári	Útilegur í skála, tjaldi og utan húss. Hafa kost á amk 20 gistinóttum á starfsári. Stendur til boða alþjóðlegar ferðir.	Útilegur í skála, tjaldi og utan húss við krefjandi aðstæður. Hafa kost á amk 20 gistinóttum á starfsári. Stendur til boða alþjóðlegar ferðir	Útilegur í skála, tjaldi og utan húss við krefjandi aðstæður. Hafa kost á amk 20 gistinóttum á starfsári. Stendur til boða alþjóðlegar ferðir
VIÐBURÐIR OG NÁMSKEIÐ	Hátíð fjölskylduskáta - Landsmót fjölskyldubúðir	Hátíð fjölskylduskáta - Hrefnuskátahelgi á ÚSÚ - Landsmót fjölskyldubúðir	Drekaskátadagur - Drekaskátamót - Aldursbilamót - Landsmót - Skátasumarið	Fálkaskátadagur - Flokkamót - Aldursbilamót - Landsmót - Skátasumarið - FálkaKraftur	Dróttskátadagur - Flokkamót - Aldursbilamót - Landsmót - Jamboree - Skátasumarið - DróttKraftur	Rekkanetið - Aldursbilamót - Landsmót - Jamboree - DróttKraftur - Aðst.sveitarfnámskeið	Róvernetið - Aldursbilamót - Landsmót - IST tækifæri - Moot -RekkaKraftur - Gilwell - Sveitaforingjanámskeið

LEIÐTOGAFÆRNI		 HREFNUSKÁTAR	 DREKASKÁTAR	 FÁLKASKÁTAR	 DRÓTTSKÁTAR	 REKKASKÁTAR	 RÓVERSKÁTAR
Frá fyrstu skrefum skátans í fjölskylduskátum og í gegn um öll aldursbilin fær hann tækifæri til að leiða hóp jafnaldra og hvatningu til að taka af skarið í lausnaleit og náttúruupplifun.		Æfa sig í að fylgja leiðbeiningum	Hlusta á fyrirmæli og framkvæma athafnir og verkefni á eigin spýtur	Taka fyrstu skref í að stýra leikjum og verkefnum Geta kennt öðrum það sem þau hafa lært	Verða örugg í að leiða verkefni og/eða flokkinn Stiga upp í að leiðbeina öðrum í flokknum	Taka forystu í verkefnum Geta leiðbeint öðrum af sinni sérþekkingu	Sjónarhornið færist af hópnum yfir á heildina Hafa kost á að stýra viðburðum, á vegum félagsins, skátasambands eða BÍS
Frá upphafi fá skátarnir tækifæri til að sýna frumkvæði og byggja upp sjálfstraust í skátastarfinu. Með auknum þroska öðlast skátarnir styrk til að leiða hóp jafnaldra og hvatningu til að taka af skarið í samstarfi og lausnaleit.			Eru að máta sig við hópinn Finna kjarkinn til að taka þátt og prófa nýja hluti án foreldra	Fá tækifæri til að leiða hóp jafningja sem flokksforingjar	Fá tækifæri til að vera flokksforingjar og taka virkan þátt í sveitarráði	Hafa tækifæri og fá hvatningu til að stiga inn í leiðtogahlutverk sem hentar þeim	Geta tekið að sér sveitarforingjastöður og aðrar ábyrgðarstöður innan félags, SSR og BÍS
Formleg þjálfun				Taka þátt í námskeiði á vegum félags, BÍS eða SSR	Taka þátt í námskeiði á vegum félags, BÍS eða SSR	Taka þátt í námskeiði á vegum félags, BÍS eða SSR	Eru virkir þátttakendur og/eða leiðbeinendur í leiðtogabjálfun BÍS
Þjálfunarmódel		Segja hvað við ætlum að gera í dag	Kynnast ÆSKA og Plana-Gera-Meta	Tileinka sér ÆSKA og Plana-Gera-Meta	Þekkja og nýta sér skátaaðferðina. Vinna eftir ÆSKA og PGM	Kynnast leiðtogalilju WOSM og lausn vandamála með leiðtogamódeli WAGGGS. Þekkja dagskrárramma og skátaaðferðina og geta miðlað þeirri þekkingu til yngri skáta.	
HÓPURINN			Taka þátt í að velja dagskráratriði og þemu starfsins með sveitinni	Skapa sína dagskrá að meira leyti sjálf og starfa í flokk	Skapa sína eigin dagskrá Þekkja dagskrárramma dróttskáta og skátaaðferðina	Bera ábyrgð á að skipuleggja/framkvæma/en durmeta sína eigin dagskrá með stuðningi foringja	Starfa sjálfstætt, í róvernetinu, að eigin verkefnum og/eða í hópi róverskáta sem skipa sér sjálfir sveitir
Flokkastarf gefur skátanum færi á að æfa sig í samvinnu í litlum hópum og taka virkan þátt í starfinu á eigin forsendum.		Þekkja nöfn allra í hópnum	Læra að taka tillit til hópsins og halda hópinn	Axla ábyrgð á hlutverki sínu og verkefnum innan flokksins	Þekkja styrkleika og veikleika flokksins og geta nýtt sér það í flokkavinnu	Geta virkjað ólíka einstaklinga í hópnum	Geta axlað ábyrgð á starfi barna og ungmenna innan skátahreyingarinnar
Dagskrá				Unnið að því að flokkurinn geti haldið fund og farið í dagsferð á eigin vegum, með stuðningi fullorðinna	Unnið er markvisst að sjálfstæði flokksins, farið í flokksútilegur með stuðningi foringja. Halda amk. 2 fundi á önn án aðstoðar fullorðinna	Axla ábyrgð á starfi sveitarinnar. Sveitin fer í sjálfstæðar ferðir með stuðningi fullorðinna	Starfa í virkri sjálfstæðri róverskátasveit
Sjálfstæði hópsins				Flokksforingjar taka þátt í sveitarráðinu og fá að hafa áhrif á starf sveitarinnar	Virgni og áhrif sveitarráðsins aukin. Stjórn félagsins er boðað á fund sveitarráðs dróttskáta einu sinni á ári	Taka þátt í félagsráði skátafélagsins. Þekkja viðbragðsáætlun BÍS og Æskulýðsvettvanginn	Taka þátt í félagsráði og/eða stjórn skátafélagsins.Takast á við uppákomur og þekkja boðleiðir og viðbragðsáætlanir
SAMSKIPTI			Finna að þau tilheyri stærri hóp	Finna að þau eru virk og mikilvæg innan flokksins	Eru hluti af kröftugum og sjálfstæðum flokki sem er hluti af stærri heild	Tengjast rekkaskátum í öðrum félögum	Eru meðvituð um skátastarf á Íslandi í heild sinni
Skátarnir fá tækifæri til að kynnast ólíkum einstaklingum, þroska með sér vináttu og átta sig á eigin tilfinningum og annarra. Skátinn setur sín eigin mörk og skilur mörk annarra		Kynnast lukkudýri og eiginleikum og tilfinningum þess	Kynnist því hvað er að vera góður vinur. Lærir um góð samskipti svo öllum í sveitinni líði vel	Læra að allir í flokknum þurfa að vera tillitsamir og sína hvoru öðru virðingu. Læra um hvernig sínar gjörðir hafa áhrif á aðra	Axla ábyrgð á sjáfum sér. Skilja og virða mörk annarra	Axla ábyrgð á sjálfu sér. Skilja og virða mörk annarra	Nálgast börn og ungmenni á þeirra forsendum og bera virðingum fyrir þörfum, tilfinningum og mörkum þeirra
			Hafa hitt aðra skáta í félaginu sínu	Hafa hitt skáta í öðrum félögum/ eiga vínaflokk-vinasveit	Eru með opna fundi og bjóða til sín öðrum dróttskátasveitum, skipuleggja útilegu með öðru félagi	Hafa átt samskipti við önnur félög, tekið þátt í að skipuleggja viðburð fyrir skáta úr fleiri en einu félagi	Eru talsmenn skáta á ráðstefnum, kynningum og viðburðum í samfélaginu

HEIMURINN
Skátahreyfingin er friðarhreyfing. Skátarnir öðlast skilning á heiminum, bæði nærumhverfi og fjarlægum stöðum. Hvernig hægt sé að koma á jafnrétti í heiminum. Að framlag allra skipti máli.
NÁTTÚRAN
Flokkastarf gefur skátanum færi á að æfa sig í samvinnu í litlum hópum og taka virkan þátt í starfinu á eigin forsendum.
SAMFÉLAGIÐ
Lýðræði
Virk þátttaka í samfélaginu eykur lýðræðisvitund og gefur okkur tækifæri til að hafa áhrif á eigið líf, umhverfið og heiminn allan. Skátarnir brenna fyrir málefnum sem gera heiminn betri.

	Kynnast þeim menningarheimum sem búa á Íslandi og menningarheimum um víða veröld	Kynnast þeim menningarheimum sem búa á Íslandi og menningarheimum um víða veröld. Setja sig í spor þeirra sem lifa við aðrar aðstæður	Kynnast þeim menningarheimum sem búa á Íslandi og menningarheimum um víða veröld. Setja sig í spor þeirra sem lifa við aðrar aðstæður	Kynnist mismunandi aðstæðum fólks um víða veröld og hvernig hans gjörðir hafa áhrif á líf annarra í hnattrænu samhengi, bæði jákvæð og neikvæð	Ígrunda hvers vegna aðstæður fólks eru mismunandi eftir búsetu og menningu, og hvaða leiðir eru til að leiðrétta þennan mismun	Þekkja önnur sjálfbóðaliðasamtök í samfélaginu, taka þátt í samstarfsverkefnum milli skáta og annarra félaga til þess að bæta heiminn á hnattræna vísu.
		Taka þátt í alþjóðlegum verkefnapökkum frá WOSM og WAGGGS	Taka þátt í alþjóðlegum verkefnapökkum frá WOSM og WAGGGS	Stendur til boða að taka þátt í rafrænum og staðbundnum alþjóðlegum viðburðum með sínu skátafélagi	Hafa tækifæri til að taka þátt í alþjóðlegum viðburðum á vegum skátafélags og BÍS	Hafa tækifæri til að taka þátt í alþjóðlegum viðburðum á vegum skátafélags og BÍS
Nærumhverfi	Vinna verkefni tengd heimsmarkmiðum sameinuðu þjóðanna	Vinna verkefni tengd heimsmarkmiðum sameinuðu þjóðanna	Vinna verkefni tengd heimsmarkmiðum sameinuðu þjóðanna	Vinna verkefni tengd heimsmarkmiðum sameinuðu þjóðanna	Vinna verkefni tengd heimsmarkmiðum sameinuðu þjóðanna	Hafa tækifæri til að vinna verkefni tengd heimsmarkmiðum sameinuðu þjóðanna
Kynnast skátaheimili sínu	Kynnast nærumhverfi skátaheimilisins síns	Kynnast skátaskálum, öðrum skátaheimilum, ÚSÚ og Hömrum. Kynnast alheimshreyfingu skáta og þekkja WOSM og WAGGGS	Kynnast skátaskálum, öðrum skátaheimilum, ÚSÚ og Hömrum. Kynnast alheimshreyfingu skáta og þekkja WOSM og WAGGGS	Byrja að mynda tengsl við erlenda skáta og vinaflokkar. Þekkja til WOSM og WAGGGS og helstu viðburða og verkefna á þeirra vegum	Vera meðvitaðir um alþjóðlegar skátamiðstöðvar og hvað þær hafa upp á að bjóða	Taka þátt í alþjóðlegum verkefnum, ráðum og nefndum WOSM/WAGGGS, halda alþjóðlega viðburði fyrir hönd BÍS, geta tekið að sér sjálfbóðaliðastörf á erlendra grundu
Umgengni í kringum eld	Fær tækifæri til að prófa mismunandi leiðir við útiöldun. Æfa sig að kveikja á kerti með eldspýtu	Læra að kveikja eld og þekkja hætturnar við eldinn. Þekkir helstu leiðir í útiöldun og kynnast notkun gastækja	Læra að kveikja eld og þekkja hætturnar við eldinn. Þekkir helstu leiðir í útiöldun og kynnast notkun gastækja	Elda í frumstæðum aðstæðum, þekkja helstu aðferðir í útiöldun og þekkja mikilvæg öryggisatriði	Getur skipulagt og framkvæmt flóknar máltíðir á opnum eldi án þess að raska umhverfi eða setja það í hættu	Geta notað og leiðbeint öðrum um notkun gastækja í eldamennsku og upphitun. Þekkir notkun eldunarbúnaðs fyrir opinn eld og öryggisbúnaðar er tengjast þeim
Umgengni í náttúrunni rusl/tré	Fyrstu skrefin í að umgangast náttúruna	Læra að bera virðingu fyrir náttúrunni. Skilja að það geta leynst hættur í umhverfinu	Læra að bera virðingu fyrir náttúrunni. Skilja að það geta leynst hættur í umhverfinu	Vita að við þurfum að vernda náttúruna og kunna leiðir til þess	Hefur þekkingu og öryggi til að leita að eigin náttúruupplifun og leiða aðra í sinni	Ástundar vistvænan sjálfbæran lífsstíl og skilur mikilvægi hans fyrir umheiminn
Dýralíf og plöntur eru í forgrunni verkefna	Upplifa dagskrá úti í náttúrunni. Læra að klæða sig eftir veðri	Fá að kynnast mismunandi aðstæðum úti í náttúrunni á eigin skinni, skilur áhrif veðurfars á klæðnað og hvernig skáti ferðast um náttúru lands án þess að valda henni skaða	Fá að kynnast mismunandi aðstæðum úti í náttúrunni á eigin skinni, skilur áhrif veðurfars á klæðnað og hvernig skáti ferðast um náttúru lands án þess að valda henni skaða	Kunna að útbúa sig eftir veðri og vindum, geta varið löngum stundum í útivist, kynnast mismunandi landslagi í göngum og öðrum ferðalögum	Leita eftir nýjum náttúruupplifunum í sinni dagskrá. Stendur til boða krefjandi ferðir í útivist. Þekkja öryggisreglur fjallaferða	Finna tengsl sín við náttúruna og kann að njóta útivistar. Skilur gildi þess fyrir börn og ungmenni að stunda útiveru og útivist með öruggum hætti
				Kynna sér starfsemi ungmennaráðs og taka þátt í viðburði fyrir dróttskáta á þeirra vegum	Standa upp fyrir réttindum sínum og annarra hópa	Standa upp fyrir réttindum sínum og annarra hópa
Lýðræði velja leik eða næst verkefni	Hafa tekið þátt í samfélagsverkefni í nærumhverfi	Taka þátt í undirbúningi og framkvæmd samfélagsverkefnis í nærumhverfi	Taka þátt í undirbúningi og framkvæmd samfélagsverkefnis í nærumhverfi	Dagatal samfélagsverkefna hjá dróttskátum, finna samfélagsverkefni hjá öðrum sjálfbóðaliðasamtökum t.d. sem eru í nágrenni og taka þátt í þeim. T.d. plokkgagurinn, fjölskylduhjálp að safna mat, fatasöfnun, o.fl. Taka þátt í 2-4 á ári Skipuleggja samfélagsverkefni og framkvæma	Hafa frumkvæði að samfélagsverkefnum bæði fyrir einstaklinga og fyrir hópinn	Vera leiðtogi í umbótum/ samfélagsverkefni í nærsamfélaginu

 SKÁTARNIR		 HREFNUSKÁTAR	 DREKASKÁTAR	 FÁLKASKÁTAR	 DRÓTTSKÁTAR	 REKKASKÁTAR	 RÓVERSKÁTAR
TILVERAN		Er hvattur til að þora að spyrja spurninga um lífið		Fær rými til að kanna andleg málefni á ýmsan hátt		Fær tækifæri að ræða lífsviðhorf sín með öðrum skátum og leita sér þekkingar um mismunandi lífshætti	Fær fengið tækifæri til að sökkva sér niður í trú sína eða lífsviðhorf og læra að virða trúariðkun og lífsviðhorf annarra
	Með því að velta fyrir sér hvað skiptir okkur máli eða hvernig lífi við viljum lífa, kynnumst við sjálfum okkur betur og það hjálpar okkur til að taka afstöðu til grundvallarspurninga, hvort sem er innan eða utan skátahreyfingarinnar. Engar spurningar eru of stórar til að velta fyrir sér.		Aukin meðvitund um að það eru til mörg mismunandi trúarbrögð og ólík heimsmynd	Skátinn öðlast meiri þekkingu á mismunandi trúarbrögðum og lífnaðarháttum og lærir að virða ágreining	Leit að merkingu. Er hvattur til að finna sér leið til að tjá og deila tilvistarhugsunum sínum með öðrum	Skilur hvernig viðhorf sín geta hafa afleiðingar í daglegu lífi og tekur skýra afstöðu, veit þó að það þarf að virða val annarra. Öðlast aukinn skilning og virðingu fyrir mismunandi trú og lífnaðarháttum	Skátinn hefur lært hvaða áhrif lífsviðhorf hans geta haft á heiminn í kringum hann
			Skátinn verður öruggur í að hugsa um og spyrja tilvistarlegra spurninga	Skátinn spyr spurninga um lífið og tilveruna	Skátinn þorir bæði að finna og endurskoða tilvistarstöðu sína	Verður öruggari við að spyrja spurninga um lífið og tilveruna	Skátinn getur einnig hjálpað öðrum aðvelta fyrir sér lífinu og tilverunni
EIGIN GILDI- VALUES	Gera sér grein fyrir margreytileikanum	Gera sér grein fyrir sínum eigin skoðunum	Gera sér grein fyrir sínum eigin skoðunum og geta sagt frá þeim	Getur réttlætt skoðanir sínar	Eru hvattir til að taka afstöðu og ræða gildi sín innan hópsins	Eru hvattir til taka afstöðu og velta fyrir sér eigin gildum og annarra og stuðla þannig að betra samfélagi	
Okkar persónulegu gildi tengjast því hver við erum og fyrir hvað við stöndum. Hvað er mikilvægt fyrir mig og hvernig tengjast mín gildi, þeim gildum sem skátahreyfingin stendur fyrir.		Skoða skátaheitið út frá sjálfum sér Veltir fyrir sér hvað er rétt og rangt	Þróar skilning á mismunandi gildum fólks og veltir fyrir sér sínum eigin gildum. hvað er mikilvægt fyrir mig? Veltir fyrir sér gildi skátastarfs	Velta fyrir sér og taka afstöðu til siðferðilegra mála, jafnvel þó þau séu flókin	Hvattir til að sýna gildi sín í verki	Daglegt líf einkennist af eigin gildum sem og gildum skátanna. Geta rætt gildi sín á opinn hátt bæði innan og utan skátanna	
		Lærir skátaheitið og 4 fyrstu skátalögin:Hjálpsemi, traust, glaðværð, náttúruvinur.	Læra skátaheitið og við bætast við skátalögin um tillitssemi, heiðarleika og samvinnu.	Velta fyrir sér eigin gildum í tengslum við skátalögin og skátaheitið	Veltir fyrir tengingu sinna eigin gilda við skátalög og skátaheit		
SJÁLFTAUST, SJÁLFSÁBYRGÐ OG SJÁLFSÞEKKING		Segja sína skoðun á einhverju sem þau geta haft skoðun á	Segja sína skoðun Að geta sagt frá upplifun	Geta deilt þekkingu/sögu/færni með flokksfélögum			
Skátarnir vita hvað þeir vilja, hvað þeir geta og hvað er þeim mikilvægt. Skátinn veit að hann er góður eins og hann er. Sjáfstraust og sjálfsþekking er forsenda þess að skátanum líði vel í starfi.		Fá tækifæri til að hafa áhrif í stórum hópi. Geta sagt sína skoðun og finna að það er tekið mark á sér. Skilja að allir eru ólíkir og geta verið alls konar	Sjálfsmyndin tekur mið af jafnöldrum. Hver er ég? Hvernig er ég? Ber virðingu fyrir ólíkum skoðunum og styður vini sína. Læra að takast á við hópþrýsting. Læra að setja sig í spor annarra. Fær tækifæri til að uppgötva styrkleika og veikleika sína	Fær tækifæri til að upplifa að gildi okkar liggur ekki í frammistöðu okkar eða hvernig við litum út. Lærir að virða gildi annarra. Skátinn lærir að þekkja hvernig hann bregst við álagi og æfir sig í að starfa í samræmi við það	Lærir að þekkja styrkleika sína og veikleika, bæði líkamlega og andlega og lærir að meta og líða vel með þá. Finnur fyrir sjálfstrausti og þorir að standa við takmarkanir sínar. Skátinn lærir að þekkja og takast á við tilfinningar sínar, bæði hjá sjálfum sér og öðrum	Róverskátinn þekkir og þorir að virða líkamlegar og andlegar þarfir sínar og virðir ólík gildi allra. Lærir að þekkja og stjórna tilfinningum sínum og getur tekið tillit til tilfinningar annarra. Þekkir aðferðir við að viðhalda andlegu jafnvægi	
ÁSKORANIR							
Þau sem þora að ögra sjálfum sér, hafa alla möguleika til þess að standast áskoranirnar, læra meira um sjálf sig þroskast á allan hátt. Áskoranir geta verið fjölbreyttar og reyna á skátana á marga vegu.	Læra að reima skóna	Sofa 1-2 nætur með skátasveit	Hafa farið amk 3 - 5 náttu útilegu	Skipuleggja þann búnað sem þú þarft, vita hvar allt er og hvernig þú notar búnaðinn þinn	Gera sér grein fyrir og geta tekið ábyrgð á sameiginlegum útbúnaði hópsins (t.d. fyrir dagsferð, sveitarútilegu, félagsviðburðu, landsmót, o.s.frv.)		
	Fara í dagsferð	Fara í dagsferð	Geta skipulagt máltíðir og séð um þær sjálf Læra að undirbúa sig og sinn búnað fyrir ferðir	Stýra stærra verkefni sem tekur fleiri en einn fund, t.d. skipuleggja útilegu	Vinna verkefni sem reynir á getu hvers einstaklings og samvinnu hópsins	Velja sér verkefni þar sem þau reyna á sig og prófa nýja hluti	
	Taka með nesti í ferð	Bera bakpoka með nesti og aukafötum	Geta gengið með grunnbúnað í sínum bakpoka			Halda millifélagsviðburð (plana gera meta)	
		Læra að reima skóna sína	Hafa skipulagt og farið í sjálfstæða dagsferð með flokknum			Duke of Edinburgh Award /World scout Award	
LÍKAMINN							
Skátarnir læra um líkamann sinn, hvað hefur áhrif á hann að utan sem innan og hvernig viðeigandi áskoranir reyna á líkamann.	Leikir hreyfíþroski: hoppa -hjóla - boltar	Hvernig á að bregðast við þegar maður meiðir sig. Vinnur með jákvæða líkamsímynd. Lærir að bregðast við þörfum líkama síns og passa upp á vellíðan sína	Skilur hvernig líkaminn bregst við mismunandi áreiti (t.d. eftir mat og drykk, áreynslu, kulda, hita og svefni) og gætir þess að ofbjóða ekki líkamanum	Lærir hvað lætur þér líða vel og hefur tækifæri til að efast um hugsjónir sínar og viðmið. Lærir um heilbrigðan lífsstíl og kosti þess að fylgja honum	Dýpkar þekkingu sína á áhrifum lífsstíls á líkama og sál og tekur meðvitaða ákvörðun um að fylgja heilbrigðum lífsstíl, bæði innan og utan skátanna.	Fylgir heilbrigðum lífsstíl. Hvetur aðra og stuðlar þannig að jákvæðri líkamsímynd og heilbrigðum lífsstíl þeirra	

SKÁTARNIR		 HREFNUSKÁTAR	 DREKASKÁTAR	 FÁLKASKÁTAR	 DRÓTTSKÁTAR	 REKKASKÁTAR	 RÓVERSKÁTAR
HUGURINN							
Lausnaleit		Æfa sig í að finna lausn á einföldum vandamálum undir leiðsögn fullorðinna	Æfa sig í að finna lausnir á einföldum vandamálum	Geta skipulagt sig eða brugðist við, eftir aðstæðum	Kynnt fyrir hugtökunum; plana, gera, meta	Geta tekið þátt í undirbúningi og framkvæmd stærri viðburða félagsins	
Skátarnir öðlast færni í að leysa flókin verkefni innan skátastarfs sem utan Viðfangsefni og verkefni eru bæði huglæg og verkleg			Lærir að bregðast við mismunandi áreynslu (t.d. eftir mat og drykk, áreynslu, svefn og veður)	Lærir að prófa mismunandi hugmyndir og velta fyrir sér vandamálum til að finna fleiri og betri lausnir	Lærir að leysa flóknari verkefni í flokknum sínum. Æfir sig í að finna nýjar lausnir á alls kyns vandamálum og reynir að fara ótroðnar slóðir	Öðlast þekkingu og reynslu til að leysa bæði hagnýt og fræðileg viðfangsefni. Hefur öryggi til að prófa eigin lausnir en er um leið opinn fyrir því að hlusta á reynslu annarra	Er virkur í umfangsmiklum verkefnum og æfir sig í að finna skapandi lausnir í flóknum aðstæðum. Getur einnig stutt aðra og dreift þekkingu sinni og reynslu
GAGNRÝNIN HUGSUN					Geta skipulagt máltíðir fyrir flokkinn		
Í heimi ofgnóttar upplýsinganna er mikilvægt að læra að meta uppruna og gildi upplýsinga Skátarnir fá þjálfun í að skoða og rýna í upplýsingar og mynda sér sjálfstæða skoðun á viðfangsefninu		Æfa sig í að hlusta	Æfir sig í að skilja félaga sína og að hlusta. Skilur að ekki er allt satt sem við heyrum og að við þurfum sjálf að sannreyna það	Veltir fyrir sér spurningum um hvað er satt og ósatt og æfir sig í því að draga eigin ályktanir. Skoðar og mátar hugmyndir sínar með því að útskýra þær fyrir öðrum í flokknum	Æfir sig í að spyrja spurninga og að greina sífellt flóknari mál. Æfir sig í að sjá hlutina frá mismunandi sjónarhornum	Hefur þroska til að hugsa á gagnrýninn hátt, mynda sína eigin skoðun og bera virðingu fyrir öðrum. Þróar hæfileika til að bera saman og skoða gagnrýnið mismunandi upplýsingar. Er meðvitaður um að það geta verið til margar ólíkar túlkanir og safnar saman eigin staðreyndum	Getur greint upplýsingar á uppbyggilegan hátt Veit að margar hliðar geta verið á einu máli. Getur fært rök fyrir afstöðu sinni
ÍMYNDUNARAFL OG LISTRÆN TJÁNING		Æfa sig í að setja upp leikkbátt með aðstoð fullorðina leika sögu sem þau þekkja sem fullorðinn les	Uppgötvar gleðina í því að tjá sig á skapandi hátt á mismunandi vegu og fær að sýna eitthvað sem hann er góður í Fær tækifæri til að lifa sig inn í ævintýri og sögur	Þorir að tjá sig og sýna svipbrigði sín fyrir öðrum Æfir sig í að lifa sig inn í ævintýri og fær að taka þátt í sköpun þeirra	Getur tjáð sig á skapandi hátt á mismunandi vegu Þróar skapandi og hugmyndaríka hugsun	Finnur nýjar leiðir til að tjá sig og mismunandi leiðir til að framkvæma verkefni Lærir einnig að sjá og meta sköpunargáfu annarra	Þróar sinn einstaka skapandi hátt til að tjá sig og lærir að meta sköpunargáfu annarra Tekur ábyrgð á eigin skapandi þroska og ögrar sköpunargáfu sinni á mismunandi hátt Styður aðra í skapandi þróun sinni
Skátarnir fá rými til þess að gleyma sér í töfrandi heimi ævintýranna og fá tækifæri til að láta ímyndunaraflið flæða Hvort sem það er söngur, leikur eða að gera skemmtilegt þema fyrir útilegu		Kynnast hreifisöngvum	Hafa tekið þátt í skemmtiatriði á kvöldvöku		Geta skipulagt og stýrt kvöldvöku		